



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
við setningu landsmóts UMFÍ
Egilsstöðum
4. ágúst 2017**

Mennta- og menningarmálaráðherra,
formaður og starfsfólk Ungmennafélags Íslands og UÍA,
bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs,
þátttakendur á unglingslandsmóti,
aðrir góðir gestir

Ég þakka kærlega fyrir að fá að vera með ykkur við setningu unglingslandsmóts hér á Vilhjálmsvelli. Vart þarf að segja mörgum á þessum stað – allra síst okkur í eldri kantinum – að hann er nefndur svo til heiðurs einni mestu íþróttahetju okkar Íslendinga, Vilhjálmi Einarssyni. Rúm sextíu ár eru nú liðin síðan hann vann til silfurverðlauna í þrístökki á Ólympíuleikunum í Melbourne í Ástralíu. Áður en lengra er haldið deili ég með ykkur einni fregn úr blöðunum hér heima sem voru fljót að segja frá hinu mikla afreki. Blaðamaður Tímans fékk nefnilega þá góðu hugmynd að ræða við móður verðlaunahafans, Sigríði Vilhjálmsdóttur. Og svona varð viðtalið, ögn stytt:

- Yður hefir auðvitað þótt gaman að heyra fréttirnar um hina frábæru frammistöðu sonar yðar?
- Já, vitanlega varð ég glöð, það hefði hver móðir orðið ...
- Er ekki langt síðan að Vilhjálmur fór að hafa áhuga á íþróttunum?
- Jú, hann var ekki stór þegar það kom í ljós hjá honum. ...
- Og hvað viljið þér segja að síðustu?
- Ég er mjög glöð og hamingjusöm. Ekki síst vegna þess að margir sýndust hafa ótrú á því að senda drengina okkar á Ólympíuleikana. Ég vona að þeir hafi nú sýnt að þeir voru traustsins verðir.

Það voru þeir svo sannarlega, ekki síður en annað íþróttafólk sem gert hefur garðinn frægan fyrir Íslands hönd. Á þessum stað stenst ég ekki mátið og nefni einn til viðbótar, frjálsíþróttamanninn Hrein Halldórsson sem hefur lengi ráðið ríkjum á þessum velli. Í ár eru rétt fjörutíu ár frá því

að Hreinn varð Evrópumeistari í kúluvarpi, kastaði kúlunni lengra en allir aðrir í San Sebastian í Baskalandi á Spáni. – Og haldið þið ekki að á Tímanum hafi menn aftur gripið til þess þjóðráðs að heyra í móður kappans. „Hann byrjaði mjög snemma að reyna að kasta. ... Hann kastaði steinum og hinu og þessu til að sjá, hvað hann gæti komið þeim langt,“ sagði Svava Pétursdóttir þegar blaðamaður hringdi heim til hennar á Hrófbergi í Steingrímsfirði á Ströndum. – Og hvernig stóð nú á því að Hreinn varð svona rammur að afli? Því svaraði stolt móðirin þannig til að hann hefði ekki verið alinn á neinum kræsingum, heldur fengið venjulegt sveitafæði, mikið af mjólkurmat og svo auðvitað lýsi.

Kæru vinir! Við getum lært margt af afreksfólki okkar, meðal annars að æfingin skapar meistarann og ekki síður að gott er að eiga góða að, fólkið sem hvetur, hjálpar og styður. Og áfram hafa landar okkar staðið sig með þryði í keppni á erlendri grundu. Fyrr í sumar hafa Íslendingar spreytt sig í hinum og þessum íþróttum hér og þar. Að öðrum ólöstuðum ber kannski hæst þátttöku kvennalandsliðsins á Evrópumótinu í knattspyrnu í Hollandi. Ekki náðust sigrar en við studdum öll stelpurnar okkar í blíðu og stríðu.

Hér á Egilsstöðum og víðar á Héraði munuð þið standa við bakið á ykkar fólki. Á þessu unglíngalandsmóti mun ungmennafélagsandinn svífa yfir vötnum; að leyfa öllum að vera með, efla samkennd, njóta samvista við aðra, vera í góðra vina hópi, eignast nýja féлага.

Ungmennafélagsandinn; snemma á síðustu öld var hann svo sannarlega sterkur. Íslendingar voru undir erlendu valdi, fátæk smáþjóð á hjara heims. „Ræktun lýðs og lands“, það var kjörorðið. Sjálfstæði er löngu endurheimt, almenn hagsæld mun meiri en áður, náttúruvernd í brennidepli og óvíða hefur ræktun landsins heppnast eins vel og hér í þessum sælureit Austurlands. Hefur markmiðum þá verið náð? Eiga ungmennafélögin ekki lengur sama erindi og áður? Hafa tímarnir breyst?

„Og hvað viljið þér segja að síðustu?“ spurði blaðamaðurinn móður Vilhjálms Einarssonar. Þéringar heyra sögunni til og núorðið heyrist líka talað um „kókópöffskynslóðina“ sem lætur ekki inn fyrir sínar varir hollmetið allt sem móðir Hreins Halldórssonar ól hann á. En hér erum við samt, hinir eldri, í hópi með ungum og hressum krökkum, kurteisum þótt enginn þérist lengur, hraustum þótt mataræðið sé annað en áður. Og ennþá er líf og fjör í ungmennafélögum landsins þótt þau hafi þurft að laga sig að nýjum tímum og síðum, setja sér ný markmið, finna sér ný hlutverk.

Um leið skulum við þó halda í ungmennafélagsandann eina og sanna, ræktun lýðs og lands. Það er svo mikilvægt að setja sér markmið og vinna saman, ekki bara í íþróttum heldur lífinu öllu. Við erum

samfélag þar sem allir eiga að geta spreytt sig, skarað fram úr ef vel gengur en hlýtt um leið sanngjörnum reglum í heiðarlegri keppni. Og bjáti eitthvað á hjá einum eiga aðrir að koma til hjálpar án þess að telja það eftir sér.

Kæru vinir! Ég hlakka til að fylgjast með unglíngalandsmótinu sem nú hefur verið sett. Og hver veit, kannski munum við seinna geta sagt frá því að hér höfum við fylgst með stúlkunni sem síðar varð heimsmeistari, stráknum sem komst á verðlaunapall á Ólympíuleikunum. Fyrst og fremst ætlum við þó að njóta hreyfingar, samveru og leikja á íþrótt- og fjölskylduhátíð þar sem allir sigra með því að taka þátt og skemmta sér. Góðar stundir!